

Lög

um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr.
63/1969, með síðari breytingum.

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal tryggja að þjónusta við viðskiptavinum sé vönduð, sem og upplýsingar sem gefnar eru viðskiptavinum um þá vöru sem á boðstólum er, allt eftir því sem samrýmist lögum þessum, áfengislögum og öðrum lagafyrirmælum og reglum á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 4. júní 1998.